

1. tölublað 16. árgangur 1994

# Fermingarblað Vífils



## Listar yfir fermingarbörn í Garðakirkju 1994

Hátíðarhöld  
sumardagsins  
fyrsta í Garðabæ

Útilífs- og  
ævintýranámskeið  
Vífils í 6. sinn

# Fermingargjöf sem leggur grunn að framtíðinni



Pállur Þór Músson og Kolbrún Hraund, Stjórndómurinn

*Stjörnubókin er einhver vænlegasta ávöxtunarleiðin í dag og er því tilvalin bæði sem fermingargjöf og fyrir fermingarpeningana.*

- + Verðtrygging og hátt raunvestir.
- + Vestir bókferðir tvísvar á ári. Lausir til útborgunar eftir það.
- + Hver innborgun bundin í 30 mánuði.\* Eftir það er hún alltaf laus til útborgunar.
- + Spariáskrift – allar innborganir lausar á sama tíma.
- + Stjörnubókinni fylgir lántökuréttur til húsnæðiskaupa. Lánsupphæðin er að hámarki 2,5 milljónir til allt að 10 ára.

\* Ef lausnir ber til þess viðkomandi, er ein breytill er breytill í hundrað hundrað þúsund milljónum.



# Kæru bæjarbúar

Fermingarblað Vífils kemur nú út í **sexánda** skipti og er því fyrir löngu orðið að föstum lið í starfi félagsins.

Aðalmarkmið blaðsins er að kynna þá þjónustu sem við skátarnir í Garðabæ bjóðum, þá daga sem fermt er í Garðakirkju.

Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarborn sem fermast í Garðakirkju svo og fréttir af skátastarfinu hér í Garðabæ.

Garðbæingar geta því sent skátaskeyti til fermingarbarna eða jafnvel foreldra þeirra og óskað þeim til hamingju með daginn.

Skátaskeytasalan hefur verið aðalfjáröflun Vífils undanfarin ár og hefur stuðningur bæjarbúa vegið þar þungt á metum.

Af helstu skátafréttunum í ár er fyrst að nefna skátamót, sem haldið verður á Úlfjótssvatni síðustu dagana í júní, í tilefni lýðveldisafmælisins.

Að sjálfsögðu verður svo hátíðardagskrá Vífils á sumardaginn fyrsta á sínum stað og verður margt þar til gamans gert.

Í sumar verða svo hin geysivinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils, haldin í sjötta skiptið.

Skátaklúbbur Vífils verður stofnaður 7. apríl og er ætlaður fyrir eldri skáta og foreldra í Garðabæ.

Við hvetjum alla áhugasama um að líta til okkar á stofnfundinn.

Skátastarf í Garðabæ hefur verið mjög öflugt undanfarið ár og með því að senda skátaskeyti styrkið þið kröftugt og þroskandi félagsstarf um leið og þið sendið fallega kveðju



til fermingarbornanna.

Nafnalistarnir í blaðinu eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Hugsanlegt er að breytingar hafi orðið frá þeim tíma.

Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjulegt og gott samstarf við bæjarbúa, eins og undanfarin ár.

Að sjálfsögðu vonumst við svo til að sjá ykkur sem flest þann 21. apríl næstkomandi, en þá mun Skátafélagið Vífill sjá um hátíðarhöldin í tilefni sumardagsins fyrsta.

Skátakveðja,  
Björn Hilmarrsson,  
ritstjóri.



**Útgefandi:**  
Skátafélagið Vífill  
Hraunhólum 12.

**Ábyrgðarmaður:**  
Þór Ingólfsson

**Ritstjórn:**  
Björn Hilmarrsson  
Helgi Grimsson  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Karl Rúnar Þórsson

**Myndir:**  
Anna Kristín Sigurpálsdóttir  
Björn Hilmarrsson  
Hallgrímur Þór Sigurðsson  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Karl Rúnar Þórsson



# Hátíðarhöldin í Garðabæ, sumardaginn fyrsta, 21. apríl

## Afmælisdagur Vífils

Sumardagurinn fyrsti er eins og allir Garðbæingar vita í umsjá Skátafélagsins í Garðabæ.

Sterk hefð hefur myndast um þennan dag og verður dagskráin með venjubundnu sniði og að sjálfsögðu verður þess minnst að Skátafélagið Vifill á afmæli á sumardaginn fyrsta. Skátafélagið verður 27 ára á þessu ári.

## Skátamessa í Garðakirkju

Dagurinn hefst með fanaathöfn við Garðakirkju laust fyrir klukkan 11 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir.

Þar verða nýir skátar vígðir inn í félagið við hátíðlega athöfn og veittar verða viðurkenningar fyrir góð störf.

## Árleg skruðganga

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er klukkan 14 eða klukkan tvö. Gengið verður frá mótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar í gegnum Flatahverfi að Skátaheimilnu Vífilsfelli við Hraunhóla 12.

Skátaforingjarnir úr Vifli munu sjá



um fánaborg í skruðgöngunni og lúðrasveitin Svanur sér um göngutaktinn og hressan undirleik.

## Dagskrá við Skátaheimilið

Við Skátaheimilið mun lúðrasveitin Svanur leika nokkur lög fram að fanaathöfninni.

Strax að lokinni fanaathöfninni hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ræðumaður dagsins býður alla velkomna og óskar bæjarbúum gleðilegs sumars.

## Þrautabrautin sívinsæla

Hægt verður m.a. að taka þátt í keppnum, þrautum og koddaslagnum sívinsæla.

Sérstök atriði verða fyrir yngstu börnin.

## Skátakaffi og kökur

Skátaheimilið verður opið og hið löngu fræga skátatertuhlaðborð Vífils verður að sjálfsögðu þar.

Kaffisalan verður á tveimur hæðum og ættu því allir að geta fengið sér kaffi og kökur á meðan börnin fara í leiki og taka þátt í þrautum.

**Garðbæingar, munið hátíðardagskrá Vífils**

**á sumardaginn fyrsta!**

**Skátamessa, skruðganga, kaffisala,**

**þrautir og skemmtiatriði.**

**Sjáumst í sumarskapi!**

# HEITASTA KORTIÐ Í BÆNUM



## START

START unglingskortid getur þú notað í öllum bönkum og sparisjóðum til að taka út eða leggja inn!

START kortið er að sjálfsögðu líka hægt að nota í öllum hraðbönkum!

START kortið er með mynd og því flott og fullgilt persónuskilríki!

START - sjóðandi heitt kort!

Komdu í Sparisjóð Hafnarfjarðar og kynntu þér START. Brenndu þig ekki á því að fá þér eitthvað annað!



SPARISJÓÐURINN  
VAXISJÓÐURINN



## FERMINGARSAMSTÆÐAN

Sérta að leita að vandaðri hljómtekjasamstæðu, með sérlega góðum hljómi og ríkulegum tæknibúnaði - á góðu verði - er Goldstar FFH-333L-samstæðan fyrir þig

Goldstar FFH-333L-hljómtekjasamstæðan samanstendur af: 60 W magnara með tónsvið 20 - 30.000, rafdrifnum styrkstílli, 5 banda tónjafnara, 3 innbyggðum hljómstillingum, aðgerðastýringu á ljósaskjá, Ultra Bass Booster-basshljómi, plötuspilaratengi og tengi fyrir heyrnartól; útvarpi með 30 stöðva forvali, FM/MW/LW-lylgljum, PLL Synthesizer-stílli; tvöföldu kassettutaki með sjálfvirkri spílun beggja hlíða, Dolby B, sjálfvirkri byrjun við upptöku frá gríslaspilara; 16 hlíta gríslaspilara með 32 laga forvali, síspilun, handahófspilun, sýnishornaspilun o.m.fl.; vönduðum hátölurum og þráðlausri fjarstýringu fyrir allar aðgerðir og innbyggðum útvarpsvekjara fyrir alla sem þurfa að vakna.

Og verðið er hreint frábært !

Verð áður: 55.900,- Fermingartilboð aðeins 44.900,- kr. eða **39.900,-** stgr.



SKIPHÓLTI 19  
SÍMI 91-29800


**BESTU KAUPIN  
-HJA OKKUR!**

Frábær greiðslukjör við allra hæfi  
L.d. 2.868,- kr. á mánn. í 18 mánn.



**UNGLINGAKLÚBBUR**  
**ÍSLANDBANKA**

*ÍSLANDBANKI*  
GARÐABE



## GÓÐ ÍPRÓTT ER GULLI BETRI

*Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ*

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuæktar. Starfslúð stöðvarinnar býður Garðabæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttfélags eða að setja saman þína eigin æfingadætur.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heilt þotat. Stórir og lífr æfingasalir, opphitumarsalur og þreksalur. Úti eru svo gervignavöllur, malarvöllur og grævöllur.

**Það er aldrei of seint að byrja.**  
**Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.**

*Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæir - Sími 628066*

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar



# Skátaklúbburinn - Eldri skátar í Garðabæ

## Stofnfundur 7. apríl n.k.

### Nú stendur mikið til !

Í mörg ár hefur staðið til að stofna klúbb fyrir eldri skáta í Garðabæ og einnig þá foreldra sem eiga skáta í félaginu í dag.

Markmiðið er að hittast og auka þannig við skátafélagslífið og tengsl milli allra skáta í Garðabæ.

Hugmyndin er sú að allir áhugasamir hittist í skátaheimilinu Vífilsfelli og sjái hvernig hægt verði að leggja línurnar fyrir svona klúbb.

### Markmið ársins er einfalt.

Markmiðið í ár er einfalt: Allir eldri skátar í Garðabæ taki virkan þátt í hátíðarhöldunum á sumardaginn fyrsta. Skátamessa, skróðganga og skátakaffi er nú góð byrjun !

### Síðan má alltaf bæta við.

Nú þegar hefur undirbúningsnefnd haldið fundi og rætt þessi mál fram og aftur.

Uppi eru margar hugmyndir um störf hjá svona klúbbi.

Hugmyndir nefndarinnar verða kynntar á stofnfundinum og viljum við hvetja alla eldri skáta í Garðabæ að koma.

Allir sem voru í skátunum í "gamla daga", í hvaða skátafélagi sem þið voruð, nú viljum við sjá ykkur í Vífilsfelli!

**Sjáumst þann 7. apríl kl. 20  
í Skátaheimilinu Vífilsfelli,  
Hraunhólum 12.**

Ef þú kemst ekki, hringdu þá í 658820 og láttu skrá þig í klúbbinn.



## Stjórn Vífils skipa

### Félagsforingi

Karl Rúnar Þórsson

### Aðst. félagsforingi

Ólafur Þór Jónsson

### Ritari

Margrét Tómasdóttir

### Gjaldkeri

Þór Ingólfsson

### Spjaldskrárritari

Benedikta Haukdal

### Meðstjórnendur

Halldór S. Magnússon

Ingibjörg Guðmundsdóttir

# HRÚGALD GOTT SÆTI GÓÐ GJÖF



**Sveinn Bólstrari**

lönubúð 5, Garðabæ sími 64 16 22



## HÚSASMÍÐJAN

Súðarvogi 3-5 Sími: 68 77 00

Skútuvogi 16 Sími: 68 77 10

Helluhrauni 16 Sími: 65 01 00

### TIL GÓÐS VINAR LIGGJA GAGNVEGIR OG BANKINN ÞINN LANDSBANKI ÍSLANDS LIGGUR UM ÞJÓÐBRAUT ÞVERA

*Viðtækt útibúanet Landsbankans sýnir að hann starfar á meðal fólksins.*

*Hinir fjölmörgu viðskiptavinir Landsbankans, sem búsettir eru í Garðabæ, staðfesta mikilvægi bankans fyrir Garðabæinga.*

Komdu eða hringdu í næsta útibú Landsbankans og þjónustufulltrúar bankans kynna þér innláns- og útlánsþætti sem sniðnir eru að þínum þörfum.

Í næsta nágrenni eru útibú Landsbankans í  
Kópavogi s. 643066, Breiðholti s. 606030  
og Hafnarfirði s. 53933.

Afgreiðslutími mánudaga - föstudaga  
frá kl. 9:15 til 16:00.



Landsbanki Íslands - Banki allra landsmanna

# Skátaskeytaúrvalið er fjölbreytt




1. Bessastaðagluggi



2. Vardeldur



3. Frá Úlfjótuvatni




4. Fljúgandi svanir



Jöklasýn



Freskuskeyti



Mappa utan um skeytin  
Öll skeyti eru send út í svona möppu

## Skátaskeytasalan verður í Skátaheimilinu Vífilsfelli, að Hraunhólum 12.

*Minum á að eingöngu er hægt að greiða  
símapantanir með greiðslukortum!*

**Símanúmerin eru 658989 og 658820.**

### Hvernig sendir þú skátaskeytin ?

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að **Hraunhólum 12 í Gardabæ**. Athugið að móttaka skeytapantana er opin milli klukkan 10 til 17. Þá er einnig hægt að hringja í síma **658989** og **658820** og panta skeyti.

Ef pantað er í gegnum síma, verður að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

**Verð á skeytunum er:**  
Vélrituð skeyti kr. 400.  
Skrautrituð skeyti kr. 750.

Skeytin eru svo afhent í skrautprentuðum möppum sem er með áletruninni: *Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.*

**Skátakveðja,  
Skeytanefndin.**

# Fermingar í Garðakirkju vorið 1994

## 27. mars kl. 10.30 fh.

- 101 Alda Ægisdóttir  
Hvannalundi 3
- 102 Ásta Rún Jónsdóttir  
Brekkubyggð 20
- 103 Fanney Danielsdóttir  
Hagaflöt 6
- 104 Guðrún Gylfadóttir  
Holtsbúð 21
- 105 Katrin Karlsdóttir  
Hvannalundi 9
- 106 Lovísa Anna Pálmadóttir  
Holtsbúð 22
- 107 Margrét Björg Guðmundsd.  
Grenilundi 2
- 108 Monika Emilsdóttir  
Birkihæð 1
- 109 Rakel Búadóttir  
Ásbúð 94
- 110 Sóley Grétarsdóttir  
Löngumýri 19
- 111 Vigdís Gunnarsdóttir  
Hrauni v/Álftanesveg
- 112 Þórunn Grétarsdóttir  
Súlunesi 7
- 113 Arnar Kristjánsson  
Löngumýri 57
- 114 Bergsteinn Þorsteinsson  
Brekkubyggð 10
- 115 Björn Árnason  
Háhæð 23
- 116 Erling Valur Friðriksson  
Holtsbúð 46
- 117 Einar Örn Guðmundsson  
Laufási 2
- 118 Friðrik Guðjónsson  
Háholti 7
- 119 Gísli Hrafn Þórarinsson  
Lindarflöt 17

- 120 Hrannar Már Sigurðsson  
Brekkubyggð 38
- 121 Kristinn Magnússon  
Hrismóum 9
- 122 Pétur Örn Eyjólfsson  
Melhæð 2
- 123 Ólafur Gunnarsson  
Marargrund 13
- 124 Ólafur Steinsson  
Hliðarbyggð 49
- 125 Sigurjón Guðmundsson  
Fífumýri 5
- 126 Sturla Hrafn Einarsson  
Marargrund 14
- 127 Valdimar Guðjónsson  
Holtsbúð 69
- 128 Ægir Ingimundarson  
Smíðsbúð 7

## 27. mars kl. 14. eh.

- 129 Fjóla Dís Skúladóttir  
Bæjargili 124
- 130 Guðfinna Snæbjörnsdóttir  
Kjarrmóum 50
- 131 Guðrún Jóna Sigurðardóttir  
Hegranesi 22
- 132 Jóhanna Jakobsdóttir  
Lautasmára 35, Kóp.
- 133 Karen Lís Kjartansdóttir  
Ölduslód 12, Hf.
- 134 Lilja Margrét Snorradóttir  
Kjarrmóum 18
- 135 Ragnheiður Davíðsdóttir  
Bæjargili 117
- 136 Sara Lind Gunnarsdóttir  
Hliðarbyggð 33
- 137 Valgerður Ósk Hansen  
Holtsbúð 14

- 138 Þórhalla Sólveig Jónsdóttir  
Hrauntún v/Álftanesveg
- 139 Agnar E. Kofoed Hansen  
Asparlundi 3
- 140 Arnar Guðstafsson  
Hörpulundi 6
- 141 Bernharður M. Guðmundsson  
Dalsbyggð 17
- 142 Bjarni Gunnarsson  
Krókamýri 26
- 143 Daniel Petersen  
Lækjarfit 7
- 144 Einar Óli Kristófersson  
Hliðarbyggð 41
- 145 Friðleifur Egill Guðmundsson  
Viðilundi 10
- 146 Guðlaugur Aðalsteinsson  
Ásbúð 28
- 147 Hannes Finnbogason  
Bæjargili 25
- 148 Hjalti Hrafn Pétursson  
Disarási 13, Rvk.
- 149 Hjalti Óli Eiríksson  
Faxatúni 40
- 150 Ingi Bjarni Viðarsson  
Brekkubyggð 59
- 151 Páll Kristjánsson  
Markarflöt 28
- 152 Sigurður Hilmarsson  
Löngufit 9
- 153 Steingrímur Sigurðsson  
Hrisholti 12

*Munið símanúmerin í Skátaheimilinu:*

**658989 og 658820**

**4. apríl kl 14 e.h.**

- 201 Guðrún Íris Pálsdóttir  
Kjarrmóum 45
- 202 Hanna Lillý Karlsdóttir  
Hliðarbyggð 44
- 203 Hrafnhildur Ýr Daðadóttir  
Sjávargrund 11 A
- 204 Hulda Ósk Jóhannsdóttir  
Garði v/Lækjarfit
- 205 Karen Lilja Sigurbergsdóttir  
Holtsbúð 67
- 206 Unnur Leifsdóttir  
Asparlundi 9
- 207 Sigurlaug Vilhjálmsdóttir  
Hjallabraut 17, Hf.
- 208 Sveinbjörg Ingvarsdóttir  
Bæjargili 74
- 209 Alfred Kjeld  
Dalsbyggð 19
- 210 Ásgeir Örn Jónsson  
Brekkubyggð 16
- 211 Davíð Kristófer Young  
Þrastarhrauni 5, Hf.
- 212 Einar Jökull Einarsson  
Ásbúð 48
- 213 Garðar Jóhannsson  
Hliðarbyggð 3
- 214 Haraldur Hrannar Sólmundars.  
Kambaseli 45, Rvk.
- 215 Haukur Viðar Alfreðsson  
Bæjargili 71
- 216 Snorri Vilhjálmsson  
Hjallabraut 17, Hf.
- 217 Stefán Ágúst Sigurðsson  
Aratúni 34
- 218 Vilhjálmur Daði Marinósson  
Bæjargili 119
- 219 Þór Parbo  
Löngumýri 26

**10. apríl kl 10.30 fh.**

- 301 Auður Jörundsdóttir  
Stekkjjarflöt 17
- 302 Birna Friðfinnsdóttir  
Hegranesi 5
- 303 Hildur Gígja Jóhannsdóttir  
Ásbúð 18
- 304 Hildur Ýr Gunnarsdóttir  
Urðarhæð 1
- 305 Hrönn Margrét Magnúsdóttir  
Hrismóum 3
- 306 Hulda Björk Þóroddsdóttir  
Bæjargili 80
- 307 Ísgerður Elva Gunnarsdóttir  
Drafnarstig 2, Rvk.
- 308 Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir  
Hörpulundi 2
- 309 Sigríður Olga Magnúsdóttir  
Engimýri 2
- 310 Andrés Magnússon  
Hrismóum 1
- 311 Anton Samúel Sigurðsson  
Bæjargili 41
- 312 Árni Yngvi Árnason  
Löngumýri 43
- 313 Davíð Þór Ágústsson  
Bæjargili 43
- 314 Guðmundur Sveinn Hafþórsson  
Tjarnarflöt 7
- 315 Gunnar Þór Geirsson  
Löngumýri 2
- 316 Ingólfur Már Olsen  
Faxatúni 38
- 317 Magnús Eikland Jónsson  
Bræðraborgarstig 41, Rvk.
- 318 Sigurður Karl Magnússon  
Dalsbyggð 3
- 319 Tómas Brynjólfsson  
Dalsbyggð 5

**10. apríl kl 14 e.h.**

- 320 Dagrún Guðný Sævarsdóttir  
Löngumýri 21
- 321 Eva Dögg Bjarnadóttir  
Þernunesi 7
- 322 Fjóla Sigrún Sigurðardóttir  
Lyngmóum 4
- 323 Hanna Björgheim Torp  
Faxatúni 11
- 324 Harpa Guðný Guðm.Hafberg  
Bæjargili 113
- 325 Helga Kristin Halldórsdóttir  
Melhæð 5
- 326 Hrafnhildur Eva Ingibergsdóttir  
Skúlaskeiði 14, Hf.
- 327 Katla Gunnarsdóttir  
Bæjargili 111
- 328 Sigríður Ólafsdóttir  
Eskiholti 16
- 329 Andri Gunnarsson  
Löngumýri 27
- 330 Árni Vigfús Magnússon  
Hofslundi 3
- 331 Baldur Helgi Möller  
Fifumýri 8
- 332 Birgir Már Gunnarsson  
Breiðási 3
- 333 Brynjar Þorsteinsson  
Hrismóum 7
- 334 Einar Eiríkur Einarsson  
Einilundi 10
- 335 Rafn Þór Rafnsson  
Lindarflöt 43
- 336 Sverrir Már Jónsson  
Markarflöt 10
- 337 Veigar Páll Gunnarsson  
Lyngmóum 4
- 338 Ægir Rafn Magnússon  
Ásbúð 22

*Þegar skátaskeyti er pantað er gott að hafa raðnúmerið sem er við nafnið.*

*Það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.*

*Munið að afgreiðslan á skátaskeytunum er opin milli klukkan 10 - 17*

*og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.*

*Athugið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju.*

# Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils 1994 haldið í sjötta sinn!

***Heillandi valmöguleiki fyrir hressa krakka í júní - ágúst!***



## Útilífs- og ævintýranámskeið haldin í 6. sinn!

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vifill hefur haldið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð fimm undanfarin sumur.

### Dagskrá byggð á reynslu!

Í sumar verða haldin námskeið fyrir aldurshópana 8 - 10 ára og 11 - 13 ára. Þátttakendum verður skipt upp í flokka eftir aldri og getu, en flokkarnir munu starfa saman allt námskeiðið. Í slíku starfi læra börnin að vinna sameiginlega að lausn verkefna og meta að verðleikum mismunandi hæfileika fólks. Við

byggjum á reynslu undanfarinna fimm sumra, en námskeiðin byggjast upp að mestu á útiveru, ferðum, þrautum, leikjum og ýmsum verkefnum, en margt af þessu hefur þróast í gegnum árin í skáta-hreyfingunni.

### Spennandi og fræðandi dagskrá

Á Útilífsnámskeiðunum er mikið lagt upp úr því að þátttakendur læri að klæða sig eftir aðstæðum hverju sinni, því slík þekking er grunnurinn að skemmtilegu útilífi.

Aðsetur útilífsnámskeiðsins verður Skátaheimilið í Hraunhólum, en á hverjum degi verður farið í stutta ferð og verðu fjölbreytt umhverfi

Garðabæjar nýtt til hins ýtrasta. Farið verður í hellaferðir, fjöruferð, fjallföngu, "hikeferðir", hjólaferðir og kynnisferðir m.a. í slökkvistöðina í Hafnarfirði og til Hjálparveitarinnar í Garðabæ.

Einnig verður farið í bátsferð og verður sú ferð í nánu samstarfi við Siglingaklubbinn í Garðabæ. Námskeiðin eru líka fræðandi, t.d. fræðast þátttakendur um skyndihjálp, mataræði, ferðamennsku, áttavita, hnúta og um náttúru landsins svo fátt eitt sé nefnt.

### Hápunktur er útilega í lokin

Hápunktur hvers námskeiðs verður svo tjaldútilega í lokin og að þessu sinni verður tjaldað á nýju útivistarsvæði Vífils, sem staðsett er í nágrenni bæjarins, skammt frá Heiðmörkinni, en þar er einnig útileguskáli félagsins en hann heitir Vífilsbúð.

Í útilegunni verður m.a. grillað úti, haldin kvöldvaka, farið í póstaleiki og gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.



### Fjörnámskeið fyrir 11-13 ára

Síðustu sumur hafa verið haldin sérnámskeið fyrir krakka 11-13 ára, þar sem þau hafa fengið ýmis ögrandi verkefni við hæfi.

Í sumar er ætlunin að halda slík námskeið og verða þau haldin í lok júlí og byrjun ágúst.

Á námskeiðunum verður aukin áhersla lögð á útilíf og farið verður m.a. í tvær útilegur, auk þess sem ætlunin er að gista í helli, sem er einstök upplifun, að þeirra dómi sem reynt hafa á fyrri námskeiðum.

Skráning á Fjörnámskeiðin verður á sama tíma og skráning í Útilífs- og ævintýranámskeiðin.



### Ætla þú að missa af þessu?

Gert er ráð fyrir að halda fimm námskeið í sumar og verður fjöldi takmarkaður við 25 þátttakendur á hverju námskeiði, því að við leggjum metnað okkar í það að sinna öllum okkar þátttakendum vel.

### Skráning

Skráning í Útilífs- og ævintýranámskeið Vifils verður á sama stað og tíma og skráning í Íþrótt- og leikjanámskeið Garðabæjar. Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í Skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 658820.

### Sjáumst

*Þess á námskeiðunum  
í sumar hjá Vifli!*



**Hársnyrtistofa  
Þórunnar  
Kirkjulundi 19  
Garðabæ  
Sími 658445**

*Hárgreiðslumeistari: Þórunn Ingólfssdóttir*



*Etienne Aigner*

**Arctic Trading Company**

Kirkjulundi 19 Garðabæ  
Sími: 658100

# Viðtöl við skáta úr Vífli

## Af hverju ertu skáti og hvað er svona merkilegt við skátastarfið ?



**Jón Svan Sverrisson**  
Skátaflokknum Hellisbúum

Ég byrjaði í skátunum fyrir tveimur og hálfu ári.

Mér finnst mest gaman að fara í útilegurnar, svo hlakka ég mikið til að fara að sigla á flekanum, sem við erum að smíða.

Ég hvet alla stráka til að koma í skátana, því það er svo gaman og lærdómsríkt.



**Ingunn Sigurpálsdóttir**  
Skátaflokknum Ljósálfum

Fyrsta útilegan mín með skátunum var á túninu fyrir utan Skátaheimilið. Við æfðum okkur í tjaldbúðarstörfum, bjuggum meðal annars til hlið og þvottasnúrur og fórum í gönguferð um hraunið.

Síðan hef ég farið í margar útilegur, t.d. skálaferð í Skýjaborgir, Lækjarbotna og tjaldútilegu á svæði félagsins í Heiðmörk.

Skátalíf er sko algjört útilíf.



**Signý Rún Björgvinsdóttir**  
Skátaflokknum Vofum.

Ég byrjaði í skátunum fyrir þremur árum. Frænka mín byrjaði með mér og við erum ennþá saman í flokki. Mér finnst gaman í skátunum og við lærum margt, t.d. hnúta, rata eftir áttavita, hvernig á að elda úti og búa til og baka hækbrauð.

Svo eru foringjarnir okkar svo skemmtilegir.



**Anna Kristín Sigurpálsdóttir**  
Dróttskáti og flokksforingi

Ég er skáti af því að skátastarfið er bæði skemmtilegt og fjölbreytt.

Dróttskátaferðirnar bera þó af öllu öðru, því þar tökumst við á við ný og krefjandi verkefni.

Öflugt dróttskátastarf eins og í Vífli er fyrir unglinga sem vilja stunda alvöru útilíf.

**Viltu koma og taka þátt í skemmtilegu, öflugum og krefjandi skátastarfi ?**

**Komdu þá í heimsókn í Skátaheimilið Vífilsfell eitthvert kvöldið og við sýnum þér allt um það sem við erum að gera !**

**Taktu vini og vinkonur með og drífið ykkur á staðinn.**

**Kannski verðið þið komin í skátaútilegu í næsta mánuði ?**

**Hver veit ?**



**Hallgrímur Þór Sigurðsson**  
Dróttskáti og flokksforingi

Ég starfa í stjórn nemendaráðs Garðaskóla og hef tekið virkan þátt í félagslífi Garðalundar samhliða störfum mínum með Skátafélaginu Vífli.

Skátastarfið hefur þann kost að þar er mikið útilíf og skátaverkefni búa mann vel undir lífið.

Félagsstarf Garðalundar býður hins vegar upp á æskulýðsstarf á allt öðrum nótum, enda eru aðstæður þar aðrar.

# SETUR ÞÚ UPP SKEIFU ÞEGAR MINNST ER Á TRYGGINGAR FJÖLSKYLDUNNAR?



Þeir eru gæfusanir sem aldrei verða fyrir tjón. En öll vitum við að hamingjan er hverful. Síndu fyrirbyggju og tryggðu Fjölskylduna. F-plús er einföld, örugg og viðverk trygging sem sameinar allar þær tryggingar sem fjölskylda þín þarf.

- ⇒ Eignatryggingu heimilis og húss
- ⇒ Gæðslakortatryggingu
- ⇒ Farangurstryggingu erlendis
- ⇒ Ahyrgðartryggingu
- ⇒ Ferðisjúkra- og ferðarofstryggingu
- ⇒ Fritímaáhyrningu

F-plús fjölskyldatryggingin er sú besta sem fjölskylda þín þarf.



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

-þær sem tryggingar smást um fólk

ARMÓLA 1. DEKRYKLOSK. 2500 00 00



# Verkbókhald


Þarftu að halda utan um kostnað á ákveðin verkefni ?  
 Viltu fylgjast með viðgerðar- og viðhaldssögu ?  
 Þarftu eftirlit með áhöldum og tækjum ?  
 Viltu skrá tíma og akstur starfsmanna ?

*Þá er Verkbókhaldið frá Ferli hf. eitthvað sem þú mátt til með að kynna þér.  
 Hafðu samband og við veitum þér allar upplýsingar.*

Ferli hf. Síðumúla 10 108 Reykjavík Sími: 682288 Fax: 682855



Síðumúla 15  
 Sími 3 30 70



Côte d'Or  
 Filakaramellur

**Garðatorg**



Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð



**Pharmaco**

Hörgatúni 2  
 210 Garðabær.

# Dróttskátar í Vífli - engin unglíngavandamál



Í Vífli er starfandi öflug dróttskátasveit, en það er skátasveit fyrir unglínga eldri en 15 ára. Sveitin gerir miklar kröfur til meðlima sinna. Sveitarmeðlimir eiga að starfa og stefna aflifandi áhuga að ákveðnu marki eftir leiðum skátahreyfingarinnar. Dróttskátasveitin er ekki ruslakista eða letigarður, heldur hefst nú hið eiginlega ævintýrlega skátastarf.

Til dæmis stefnir dróttskátasveitin á að fara í páskaferð í Skaftafell og reyna að komast á Hvannadalshnúk. Ferðir af þessu tagi þarfnast miklis undirbúnings, útbúnaðar auk góðrar líkamlegrar þjálfunar. Nú í vetur hefur sveitarstarfið gengið mest út á undirbúning þessarar ferðar, svo sem fræðsla um hnúta, mataræði, útbúnað og fjallaferðir. Til undirbúnings ferðarinnar höfum

við líka farið í styttri ferðir.

Til dæmis höfum við gengið á Hróttfell á Kili. Í lok október fór sveitin yfir Fimmvörðuháls og í leiðinni upp á hátind Eyjafjallaökuls. Aðra nóttina sváfum við í Sönghelli í Þórsmörk. Þetta er aðeins brot af því sem Dróttskátasveit Vífils hefur verið að gera og fullvist er að fleira er á dagskránni.

Anna Kristín Sigurpálsdóttir.



## Hellisbúar í útilegu

Í Þann 4. febrúar héldum við félagarnir í skátafloknum Hellisbúum í útilegu upp við Elliðavatn. Ætlunin var að eyða helginni í skátaskála sem skátafélagið Kópar í Kópavogi eiga. Föstudagskvöldið var notað til að koma sér fyrir, elda mat og hlusta á hetjusögur hvers annars. Á laugardegnum var risið úr rekkju á mjög svo ókristilegum tíma. Allur laugardagurinn fór svo í að grúska í skátafræðunum, t.d. ganga eftir áttavita, staðsetja sig á korti með hjálp áttavitans og þess háttar grundvallaratriðum almennrar

ferðamennsku.

Síðan var farið og haldið út í buskann með áttavitann einan að vopni.

Kom þá skemmtilega í ljós hver hafði haft hugann við námið og hver ekki. Um kvöldið var svo eldaður matur af stakri list og snæddur.

Síðar voru veitt verðlaun og tilkynnt hver skátanna hafði staðið sig best í janúar mánuði. Draugasögurnar sívinsælu hljómuðu þar til farið var að sofa.

Á sunnudagsmorgni var svo tekið til og haldið fótgangandi af stað heim á leið

Sveinn Geirsson.



## Forynjur 1993 - 1994

Skátasveitin Forynjur er stúlknasveit í Vifli. Í vetur hafa starfað í sveitinni 25 skátar og 5 foringjar. Sveitin skiptist í 4 flokka, þ.e. Ljósálfa, Vofur, Vættir og Fjallageitur.

Nú í vetur hafa verið haldnir flokksfundir einu sinni í viku og mánaðarlega sveitarfundir þar sem allar stelpurnar mæta. Útilegur eru einu sinni í mánuði og einnig hefur sveitin haldið skemmtikvöld.

Í haust byrjuðum við á því að fara á námskeið. Flokksforingjarnir fóru á námskeið innan félagsins en sveitarforinginn fór á Gilwell námskeið á Úlfjótuvatni.

Að þessu loknu hófum við starfið. Farið var í flokksútilegur í október og tókust þær allar mjög vel þrátt fyrir leiðinda veður. Í janúar var farið í sveitarútilegu í Lækjarbotnaskála og heppnaðist hún ótrúlega vel. Þema útilegunnar var: "Hugsaðu um þig og þína" og dagskrá útilegunnar var miðuð við þetta. Stelpurnar fengu allar "lítill



börn" sem þær áttu að hugsa um. Slæmt veður var alla helgina en við létum það nú ekki á okkur fä, heldur vorum við úti mest allan tímann og byggðum m.a. snjóhús, snjókarla og snjókerlingar.

Í febrúar höldum við grimufatakvöldvöku og buðum stráka-flokkunum að koma.

Allir mættu í sínu finasta þússi og skemmtu sér konunglega.

22. febrúar var haldinn götuleikur í tilefni afmælis Baden Powells.

Þá mættu allir úr félaginu og leystu verkefni úti um allan Garðabæ.

Leikurinn endaði svo með kvöldmatarveislu í Skátaheimilinu.

Nú eru í undirbúningi flokksferðir, dagsferðir og fjáraflanir innan félagsins.

Við foringjar félagsins viljum þakka skátunum fyrir að mæta vel á fundina og þann skátaanda sem kviknað hefur hjá skátunum í félaginu.

Ingibjörg Guðmundsdóttir,  
sveitarforingi.

## Vífilsbúð fer í ferðalag

Það er ekki á hverjum degi sem skátaskálinn okkar Vífilsbúð fer í ferðalag. Þetta er nú samt í annað skiptið. Fyrst árið 1974 var skálinn keyptur fókheldur og fluttur á staðinn í landi Oddfellow-reglunnar, rétt fyrir ofan Heiðmörkina. Þar hefur hann staðið og hýst margan skátann í gegnum árin. Nú hefur hins vegar vegar verið settur upp golfvöllur á svæðinu og var Vífilsbúð á holu níu. Með aðstoð Oddfellow og Garðabæjar gátum við flutt skálan ofar í Heiðmörkina, á ekki síðri stað en þann fyrri.

Eftir mikinn undirbúning á báðum stöðum var svo ráðist í það nú í vetur að flytja skálan.

Eftir að hafa fest flutningabilinn og þurft að fá aðstoð frá vélgröfu og

Hjálparsveitinni tókst að koma skálanum fyrir á nýjum stað.

Nú hefur verið hafist handa við lagfæringar við skálan og gera hann sem bestan fyrir sumarið.



# Vandaðar og nytsamar fermingargjafir

**KARRÍMDR**



## BAKPOKAR

Trail 45 l. verð kr. 7.990  
**Fermingartilboð kr. 6.790\***

Discovery 55 l. verð kr. 10.770  
**Fermingartilboð kr. 9.190\***

Panther 60 l. verð kr. 12.810  
**Fermingartilboð kr. 10.890\***

**ajungilak.**



## SVEFNPOKAR

Scout Lux -8° verð kr. 8.890  
**Fermingartilboð kr. 8.390\***

Lillehammer -10° verð kr. 10.480  
**Fermingartilboð kr. 9.390\***

Igloo -10° verð kr. 13.490  
**Fermingartilboð kr. 11.490\***



## TJÖLD **lichfield**

Falcon 150 2 manna verð kr. 10.880  
**Fermingartilboð kr. 9.350\***

Falcon 180 2-3 m. verð kr. 12.695  
**Fermingartilboð kr. 10.790\***

Hawk 180 2-3 m. verð kr. 15.650  
**Fermingartilboð kr. 13.390\***



  
**SCARPA**

## GÖNGUSKÓR

Mirage leðurgönguskór verð kr. 9.790  
**Fermingartilboð kr. 8.790\***

Einnig skíðatöskur frá kr. 2.000, hanskar,  
 húfur, gleraugu og margt, margt fleira.

AKR 1/10A 1/10 20

\*Tilboðsverð miðast við staðgreiðslu.



Raðgreiðslur • Póstsendingu samdægurs.  
 Umboðsmenn um land allt

  
**SKÁTABÚÐIN**  
 -SKARAR FRAMMÍR

Snorrabraut 60 • Sími 61 20 45




Photo: Bernd Hill / Fotoflyer

# VILT ÞÚ EIGNAST HLUT Í DEUTSCHE BANK AG?

*Fjárfestingarfélagið Skandia greiðir götu  
þína á alþjóðlegum verðbréfamarkaði*

Fjölmargir viðskiptavinir Fjárfestingarfélagins Skandia hf. hafa þegar kynnt þvi hverju einfalt það er að fjárfesta hluta eigna sína í erlendum verðbréfum. Flestir þeirra hafa fengið samþykkingu sem er virulega umfram það sem gerin og gengur hér heima. Jafnframt hafa þeir náð betri og skýsamlegri áttunadreifingu á sparitítt þar sem þeir treysta ekki lengur eingöngu á verðgildi íslensku krónunnar.

Þú þarft ekki endilega að kaupa hlut í Deutsche Bank eða aðeinka fyrirtæki til að fjárfesta áttunadreifingu erlendis. Þú getur valið á milli margra mismunandi verðbréfasjóða, þar sem áhættu er í lígnunni.

T.d. er það markmið sumra verðbréfasjóða að fjárfesta einungis í öruggum verðbréfum, svo sem ríkisbréfum á meðan aðrir leita til að ná háttu ávöxtun með fjárfestingu í erlendum fyrirtækjum.

Fjárfestingarfélagið Skandia er umboðsmaðil fyrir ýmsa eignasamvæðifélag sem njóta mikils trausts á heimsmarkaði og bjóða þau tillögð með góðri áttunadreifingu.

*Ráðgjafar Skandia aðstoða þig fjárliga við  
að finna rétta verðbréfasjóðinn fyrir þig.*



**Skandia**

Fjárfestingarfélagið Skandia hf.

Lággjafarverðbréfasjóði • Laugaveg 175, Sími 41 01 00  
Útkaupverðbréfasjóði • Laugaveg 175, Sími 41 01 00

Fjárfestingarfélagið Skandia hf. er aðili til í eigu Skandia samvæðingarnar